



AFSTÖÐUMYND MKV 1:500

Linnetsstígur 2, Hafnarfirði.
Fjölbýlishús.

Húslýsing: (Matshluti 01)

Húsið er fjölbýlishús á 4 hæðum. Á fyrstu hæð er gert ráð fyrir verslun eða léttum veitingum en íbúðum á 2. til 4. hæð, (samtals 10 íbúðir) Undir húsinu er bílastæða- og geymslukjallari.

Íbúðir eru af breytlegri stærð og gerð. Efta hæðin verður inndregin (þakhýsi) með stórum svölum allan hringin og skemtilegu útsýni. Aðgengi að íbúðunum verða um svalagang um lyftu- og stíghús nema á efstu hæð þar verður aðgengi beint um stíghús. Utanálíggjandi svalagangar verða ekki samfelldir og því verður umferð tæknirúð. Í bílajakjallara verða geymslur ásamt tækniklefa og sorpgeymslu.

Innangengt verður frá bílajakjallara að stíghúsi um brunastúku. Á fyrstu hæð verður sameiginleg geymsla íbúða fyrir hjóla og vagna.

Byggingalýsing:

Útveggir

Útveggir eru jámbundin steinsteypa, staðsteyptir upp á hefðbundinn hátt (200 mm), einangraðir að utan með 100mm einangrun. Að utan eru veggir 1. hæðar klæddir með steinflisum á upphengikerfi þar fyrir ofan eru veggir klæddir með viðhaldslítili klæðningu.

Útveggir þakhýsis verða byggðir úr ál-glugga-kerfi. Fletir sem ekki eru ætlaðir sem gluggar verða blindaðir og einangraðir á viðeigandi hátt. Efta hæð verður skerytt með láréttum "lamellum".

Einangrun

Einangrun er miðuð við ákvæði gr. 180 um hámark U-gildi einstakra byggingarhluta og vegji meðaltal U-gildi útvegga verður uppfyllt.

Þak

Þak verður byggt úr timbri og eða stáli. Þak verður loftað og einangrað með 200 mm steinull. Þakhalli verður min. 1:50, klætt með heilsóðnum þakdúk eða -pappa undir endanlegu yfirborði.

Þaksvallar verða steypar. Þar sem þaksvallar liggja yfir íbúðum neðri hæða verða þær klæddar þakdúk eða -pappa, einangraðar með 200 mm einangrun með steinsteypum hellum. Endanlegur vatnshali verður ekki minni en 1:50.

Gluggar

Gluggar eru almennt timbur-álguggar en álguggar þar sem gluggafletir eru stærstr. Notað verður hjóðeinangrandi gler í glugga íbúða. Gluggar ásamt gleri skulu uppfylla kröfur 8. kafla byggingarreglugerðar, gr. 176 um hljóðstígg innanhúss og gr. 180 um varmaeinangrun og orkunotkun. Í glugga íbúða verður einnig komið fyrir loftristum með hljóðgildrum. Svalagangar sem snúa út að Linnetsstíg eru klæddir vindskermi úr gleri sem einnig mun dempa hljóðstígg innanhúss.

Viðmiðunargildi og leiðbeiningagildi fyrir umferðarhávaða, jafngildishljóðstígg innanhúss (miðast við lokaða glugga) er 30 db(A) fyrir sólahring, (samkvæmt reglugerð nr.933 20. desember 1999).

Annað gler en það sem að ofan er nefnt er K-gler samkvæmt gr. 180 í Byggingarreglugerð.

Útihurðir

Útihurðir í anddyrum íbúða eru úr timbri. Annars eru útihurðir úr ál-timbri og áli eða í samræmi við umgjörð viðkomandi hurða.

Svalir og svalagangar

Svalagölf eru steyp upp á staðnum Handrið eru úr stáli með lóðréttum teinum. Svalahandrið eru 1200 mm há, engin op eru stærri en 100 mm í a.m.k. 800 mm hæð og neðar.

Svalagangar eru með vindafskermingu úr öryggisgleri. Handlisti er í 1200 mm hæð og láréttir stálteinar c/c 200 mm þar að neðan.

Gólf

Neðstu gólf eða gólf sem koma beint á fyllingu eru staðsteypt á 75 mm einangrun.

Hæðarskil

Hæðarskil verða staðsteypt í mót, staðsteypt í forsteyptar filigranplötur eða úr forsteyptum holplötum.

Innveggir.

Steyptir veggir milli íbúðar eru minnst 200 mm og skulu uppfylla ákvæði gr. 173 og 174 í byggingarreglugerð.

Aðrir innveggir eru blikkstöðaveggir klæddir gífsplötum

Úrræði vegna hreyfihamlaða

Íbúð merkt 0201 á annari hæð getur hentað hreyfihömluðum. Bílastæði sérmerkt hreyfihömluðum er í bílastæðakjallara.

Lyfjakassar

Í eldhúsi hverrar íbúð fyrir sig verður komið fyrir læstum lyfjakáp eða kassa.

Sorp

Sorpgeymslum verður komið fyrir í bílastæðakjallara við stíga- og lyftuhús. Sorpgeymsla verður hölfuð með A-EI60 byggingahlutum.

Sorprenta

Komið verður fyrir loftræstri sorprentu sem nær til fyrstu hæðar og verður aðgengileg frá skoti í anddyri við hlöð lyftu.

Opum á sorprentu verður lokað með lóðréttum loftþéttum lúgum. Sorprenta er EI-60.

Lóð

Lóð og bílastæði umhverfis Linnetsstíg 2 er í eigu Hafnarfjarðarbæjar. Akstursrampur niður í bílageymslu verður upphitaður.

Lyftur

Lyfta verður í stígangi. Lyfta uppfyllir gr. 201 í byggingarreglugerð.

Lyftuvél verður staðsett inni á hlöð lyftustokks. Lyftustokkar verða loftræstir. Veggir umhverfis lyftu verða A-EI60 með EI-C30 hurðum.

Loftræsting

Vélrænt útsog verður frá baðherbergjum, þvottaherbergjum, geymslum og öðrum gluggalausum herbergjum. Í öðrum rýmum verður náttúrulega loftræsting í gegnum opnanlega glugga.

Stíghús verða náttúrulega loftræst í gegnum glugga. Á lyftuhúsi og sorprentu verður útlöftunartúða í þaki.

Velrænt útsog verður frá bílageymslu.

Brunamál

Burðarvirki efstu 12 m, reiknað frá gólfi efstu hæðar skal vera amk R 60. Burðarvirki þar fyrir neðan skal vera amk R 120. (gr. 132.6).

Veggir milli íbúða verða REI90 en hæðarskil, svalagangar og svalir eru REI60. Tvær óháðar flóttaleiðir eru úr hverri íbúð, annarsvegar um svalaganga tengda stíghúsi hinsvegar um veggsvallir. 40 mm opnun verða umhverfis hverja glerplötu í vindskerm á svalagöngum, bæði á hlöðum, að ofan og neðan verðu til reyklosunar. Þar að auki verða tvo gler lægri á hverjum svalagangi til að tryggja næga reyklosun. Hver íbúð er sjálfstætt brunahólf. Reykskynjari og handslókkvitæki verður settur upp í hverri íbúð og stíghúsum

Stíghús er A-EI60. Stígar eru a.m.k. A-R30. Aðgengi verður úr stíghúsi í bílageymslu um brunastúku með viðeigandi eldvarnarmarkningum. Tvær flóttaleiðir eru úr bílageymslu með viðeigandi út og neidarlýsingu skv. byggingarreglugerð.

Reyklosun úr bílageymslu verður skv. byggingarreglugerð. Reyklosun verður um innkeyrsluhurð og um opnanlega lúgu (um 600x600mm) í gagnstæðum enda í bílageymslu.

Í bílageymslu og geymslum við bílastæði verður komið fyrir sjálfvirku vatnsúðakerfi. Klefi vatnsúðakerfis er í brunahólfuðu rými, veggir EI60, hurð EI30 í kjallara stíghúss. Einnig verður sett upp handslókkvitæki og slöngukefli í bílageymslu. Fjöldi og staðsetning verða í samræmi við reglugerðir og leiðbeiningar eldvarnarefirlits. Allar klæðningar innanhúss verða í flokki 1.

Út og neidarlýsing í bílageymslu verður í samræmi við gr. 114.10 í byggingarreglugerð og ISTN 1838.

Samþykkt þarinn

16 MAY 2014

Byggingafrúnni í Hafnarfirði
Fh Sigurður Steinar Jónsson

SKÝRINGAR:

- Flóttaleið "ÚT-lýsing"
- Brunaslanga
- GN Gólfurfall
- LR Loftræsting
- Kross, takn fyrir lagnastokka.
- Börgunarp
- Reyklosun
- Brunalokanir
- Núverandi ohreftó bygging.
- Fellistigi
- Stjornfalbraunav. kerfis
- Reykskynjari

Heildarstærðir (brúttó):

| | Flatarmál (m2): | Rúmmál (m3): |
|-----------------------------------|--------------------|----------------|
| Botnplata: | ----- | 130,9 |
| Kjallari | 650,7 | 1.991,8 |
| 1.hæð | 326,6 | 1.176,8 |
| 2.hæð | 454,1 | 1.320,0 |
| 3.hæð | 454,1 | 1.320,0 |
| 4.hæð | 324,8 | 1.153,1 |
| Samtals: | 2.210,3 | 7.092,6 |
| Stærð lóðar: | 435,5 m2 | |
| Nýtingarhlutföll lóðar: | 5,08 | |
| Bílastæði í kjallara: | 16 stæði | |
| Bílastæði á lóð: | 0 stæði | |
| Þar af stæði fyrir hreyfihamlaða: | 1 stæði í kjallara | |

BREYTINGAR

VERKHEITI
LINNETSSTÍGUR 2
HAFNARFIRÐI

VERK
Áfstöðumynd

MÁL: 1.500 (A1)
HVAÐ: bj snæ
FRÉFAÐ: bj snæ

DAGS: 04.04.2014
TEKNAÐ: Kinstinn A

VERKHOVER: 13-0009
TEKINGAHOVER: 1.01



FAGRABERGI 14
221 HAFNARFIRÐI - ÍSLAND
SÍMI 5553264 - GSM 8961436
bjarnir@snape.is

Fh VERKÍS
DSS

BJARNI SNEBJORNSSON FAI 020753-4989

Ör efnis og efnishefinga. Öð. hluti er að hluta af hluta. Öð. hluti er að hluta af hluta. Öð. hluti er að hluta af hluta. Öð. hluti er að hluta af hluta.